

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um fyrirhugaða lokun svæða fyrir dragnótaveiðum.

Frá Ásbirni Óttarssyni.

1. Hver voru tilefni þess að ráðherra ákvað að grípa til boðaðrar takmörkunar dragnótaveiða í sjö fjörðum? Hvaða skriflegu gögn liggja fyrir um þau tilefni?
2. Á hvaða vísindalegu rannsóknnum byggir ráðherra það mat sitt að dragnót hafi skaðleg áhrif á veiðisvæði í þeim fjörðum sem áformað er að loka fyrir dragnótaveiðum?
3. Hvaða erlendu dæmum fylgir ráðherra um lokunina á forsendum verndunar viðkvæmra hafsvæða?
4. Hver eru nákvæmlega hin meintu neikvæðu áhrif dragnótar á lífríkið?
5. Er ráðherra kunnugt um dæmi þess að dragnótaveiðar hafi jákvæð áhrif á lífríkið?
6. Hefur ráðherra kannað hvort þess séu dæmi erlendis að dragnót leysi af hólmi önnur veiðarfæri á grunnslóð vegna þess hversu lítil áhrif hún hefur á lífríkið?
7. Hver yrðu áhrif fyrirhugaðra aðgerða á atvinnu og lífsafkomu þeirra sem aðgerðirnar beinast gegn?
8. Hefur ráðherra kannað önnur verndunarúrræði en lokun sem væru ekki eins íþyngjandi fyrir bátafлотann?

Skriflegt svar óskast.